

Lög

um

líkbrenslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Líkbrensla skal leyfð hjer á landi í stofnunum, sem útbúnar eru til líkbrenslu, á þann hátt, sem Stjórnarráðið tekur gilt, með skilyrðum þeim, er hjer fara á eftir.

2. gr.

Sjerhver karl eða kona, sem náð hefir 18 ára aldri, getur ákveðið, að lík sitt skuli brent, en ekki jarðsett; skal slíka ákvörðun gera skriflega að viðstöddum tveim vitundarvottum. Á sama hátt geta foreldrar ákveðið, að lík barna sinna, sem eigi hafa náð 18 ára aldri, skuli brent en ekki jarðsett.

Nánasti vandamaður hins látna, er náð hefir 18 ára aldri, getur og gert samskonar ráðstöfun, þó eigi hafi hinn látni ákveðið, að lík hans skyldi brent, svo framarlega sem ekkert af börnum hans mótmælir því.

3. gr.

Áður en lík geti orðið brent, skal, auk lögskipaðs dánarvottorðs, liggja fyrir yfirlýsing dánarvottorðsgefanda, eða læknis þess, sem stundað hefir hinn látna um, að þeir áliti engan grun vera fyrir hendi um, að glæpsamlegt verk hafi valdið dauða hins látna. Vottorð þetta skal síðan sýna lögreglustjóra á andlátsstaðnum og hann rita á það, að ekkert sje því til fyrirstöðu af sinni hendi, að líkið verði brent.

4. gr.

Að lokinni brenslu skal jarðsetja öskuna í kirkjugarði, eða setja hana á aðra staði, sem sjerstaklega eru útbúnir til þess, eftir fyrirmælum Stjórnarráðsins.

5. gr.

Nánari ákvæði um það, á hvern hátt skuli framkvæma líkbrenslu, setur Stjórnarráðið með reglugjörð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.